

# **Reglugerð fyrir Afreks – og styrktarsjóð Sveitarfélagsins Ölfuss.**

## **1. gr.**

Sjóðurinn heitir afreks – og styrktarsjóður Sveitarfélagsins Ölfuss og er hann í vörslu Íþróttá – og æskulýðsnefndar Ölfuss.

## **2. gr.**

Sjóðurinn veitir styrki og viðurkenningar eftir nánari ákvörðun Íþróttá – og æskulýðsnefndar.

## **3. gr.**

### **Stjórn sjóðsins**

Íþróttá – og æskulýðsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss ákvarðar styrkveitingar og viðurkenningar fyrir unnin afrek, og hefur eftirlit með nýtingu styrkveitinga. Starfstími sjóðsstjórnar er kjörtímabilið.

## **4. gr.**

### **Markmið sjóðsins eru:**

- a) Að veita afreksíþróttafólki í íþróttafélögum í Sveitarfélaginu Ölfusi fjárhagslegan styrk vegna æfinga og / eða keppni, og þannig búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
- b) Að veita afreksfólki í hóp/einstaklingsíþróttum í íþróttafélögum í Sveitarfélaginu Ölfusi sem náð hefur afburðaárangri fjárhagslegan styrk og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni.
- c) Að veita afreksíþróttafólki styrk sem á lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi og stundar íþrótt sem ekki er iðkuð með íþróttafélagi í Sveitarfélaginu Ölfusi.
- d) Að veita árlega styrki og viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum.

## **5. gr.**

### **Viðmið styrkveitinga.**

Við styrkveitingar til afreksfólks skal taka mið af eftirfarandi:

- a) Árangri á innlendum og erlendum vettvangi.
- b) Markmiðum og áætlunum um æfingar og/ eða þátttöku í keppnum innanlands og erlendis.
- c) Unnum titlum í íþróttum á árinu.

**6. gr.**  
**Umsóknir um styrki.**

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkveitingum úr sjóðnum tvisvar á ári, í apríl og október og þurfa umsóknir um styrki að berast fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert. Stjórninni er heimilt að auglýsa eftir umsóknum um styrki eftir nánari ákvörðun sinni, einnig getur hún veitt styrki og viðurkenningar án umsókna, enda sé hún sammála um slíka fjárveitingu.

**Umsóknir um styrki:**

- a) Vegna einstaklinga skulu vera í nafni viðkomandi íþróttamanns.
- b) Vegna íþróttahópa skulu vera í nafni viðkomandi íþróttaflokks/-hóps.
- c) Skulu vera staðfestar af formanni deildarinnar/félagsins.

**Með umsóknum skulu fylgja:**

- a) Áætlanir um æfingar og fyrirhugaða þátttöku í keppnum og markmiðum íþróttamannsins
- b) Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðra æfinga og/eða keppna.
- c) Önnun gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.

Stjórn sjóðsins skal svara skriflega öllum umsóknum sem berast.

**7. gr.**  
**Greiðsla styrkja.**

Greiðslur úr afreks – og styrktarsjóði eru annarsvegar styrkir og hins vegar viðurkenningar fyrir unna titla.

- a) Styrkir greiðast strax þegar ákvörðun sjóðsstjórnar liggur fyrir.
- b) Viðurkenning fyrir unna titla greiðast að liðnu keppnistímabili.

Styrkupp hæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

**8. gr.**  
**Skyldur styrkþega.**

Allir íþróttamenn sem þiggja styrk úr afreks – og styrktarsjóði skulu hlíta þeim reglum sem Íþróttá – og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan.

**9. gr.**  
**Varsla afreks – og styrktarsjóðs**

Vörslu og reiknishald sjóðsins annast stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal birta uppgjör hans árlega með fundargerðum íþróttá – og æskulýðsnefndar.

**10 gr.**  
**Tekjur sjóðsins.**

- a) Árlegt framlag úr bæjarsjóði Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt fjárhagsáætlun hverju sinni.
- b) Frjáls framlög og söfnunarfé.
- c) Vaxtatekjur.

**11. gr.**  
**Gildistími.**

Reglugerðin tekur gildi þegar bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur staðfest hana.